

Sþ. 4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]
um stofnun sjóminjasafns.

Flm.: Gils Guðmundsson, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar, í samráði við Þjóðminjavörð, undirbúning að stofnun sjóminjasafns. Skal leita eftir samvinnu við Hafnarfjarðarbæ um hentugt landssvæði fyrir slíkt safn, svo og um byggingu þess og rekstur.

Greinargerð.

Allir þeir, sem sótt hafa heim erlendar þjóðir og haft þar einhver kynni af safnamálum, geta borið um það, að sjóminja- og siglingasöfn af ýmsum toga skipa þar veglegt rúm og eru flestum söfnum vinsælli og fjölsóttari. Meðal þeirra þjóða, sem stundað hafa sjóhernað að marki, ber mikið á alls kyns minjum af því tagi. Gamlar

og grónar siglingaþjóðir gera sér allt far um að bregða upp myndum af kaupförum frá ýmsum tímum og búnaði þeirra. Loks er að nefna þær þjóðir, sem lagt hafa mikla stund á fiskveiðar um aldir. Þar bera sjóminjasöfnin þess að sjálfsögðu merki, fiskibátar, búnaður þeirra, veiðarfæri og annað, er sjávarútveg varðar, skipa þar mikið rúm.

Allar Norðurlandþjóðir, að Íslendingum einum undanteknum, hafa komið sér upp veglegum sjóminjasöfnum. Þeir, sem gengið hafa um „bátahöll“ frænda okkar Færeyinga í Þórshöfn, kynnt sér, hversu hinar ýmsu bátategundir þeirra eru vel varðveittar, og skoðað að öðru leyti sérlega snyrtilegt og vandað sjóminjasafn, sem þar getur að líta, hljóta að spyrja sjálfa sig: Hversu lengi á það til að ganga, að stórmerkar og óbætanlegar sjóminjar, sem spegla flestu betur lífsbaráttu genginna kynslóða, skuli hér á landi verða eyðingunni að bráð, vegna þess að við höfum ekki hirt um að varðveita þær, — ekki komið því í verk að efna til sæmilega myndarlegs safns, sem hýst gæti slíka gripi? Öllu lengur má ekki svo til ganga, að látið sé undir höfuð leggjast af opinberri hálfu að stíga fyrstu krefin í þá átt, að við Íslendingar eignumst myndarlegt safn sjóminja, svo sem hæfir þjóð, sem í ríkara mæli en flestar aðrar hefur lifað á fiskveiðum um aldir. Einkum þarf að bregðast skjótt við til að safna og forða frá eyðileggingu bátum, skipum og margvislegum minjum öðrum um sjósókn forfeðra okkar og siglingar. En jafnframt ber að hafa í huga, að slíkar minjar þurfa hið skjótasta að verða aðgengilegar á safni, sem á að geta orðið mikilvægt upprennandi kynslóðum og sýnt þeim flestu betur, hvernig forfeður þeirra og formæður fóru að til að geta lifað. Nú er og vaknaður verulegur áhugi á því að koma upp safni af þessum toga, og ætti vissulega að því að hyggja, hvort ekki megi finna þeim áhuga farveg, er leiði til framkvæmda, í góðri samvinnu við ríkisvaldið, sem að hyggju flutningsmanna þessarar tillögu á að hafa forustu um málið. Áhugamenn, einstaklingar og félög, geta lagt máli þessu mikið lið, hjálpað til við söfnun, vakið almennan skilning á gildi slíks safns o. s. frv. En að því er byggingarframkvæmdir og rekstur snertir þarf ríkisvaldið að koma til, ef til vill í samvinnu við bæjarfélag, sem kynni að vilja leggja fram hentugt landrými og veita málinu stuðning á ýmsan annan hátt.

Í þessu sambandi er rétt að vekja á því athygli, að meðal Hafnfirðinga er kominn upp verulegur áhugi á því, að sjóminjasafn geti risið upp þar, t. d. á Hvaleyri eða á Hvaleyrarholti, eða þá vestast í bæjarlandinu, skammt þaðan sem dvalarheimili sjómanna á að rísa, þar sem að margra dómi væri einkar hentugur staður fyrir slíkt safn. Yrði þá væntanlega gerður samningur milli ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar um stofnun og rekstur safnsins.

Hugmyndin að íslensku sjóminjasafni er nú orðin a. m. k. 75 ára gömul. Árið 1898 var efnt til fiskveiðasýningar mikillar í Björgvin í Noregi. Tveir Íslendingar sóttu sýningu þessa, Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur og Jón Þórarinsson skólastjóri í Flensborg, síðar fræðslumálastjóri. Áður en Jón Þórarinsson fór utan, átti hann til við útgerðarmenn í höfuðstaðnum um, að þeir legðu nokkurt fé af mörkum til þess að kaupa á sýningunni ýmsa muni, sem gætu orðið stofn að fiskveiðasafni, eins og hann komst að orði, þ. e. safni veiðarfæra og annarra áhaldra, er að veiðiskap líta. Var það hugmynd Jóns, að íslenskum veiðiáhöldum yrði síðan bætt við, „svo að sjómenn ættu þar kost á að sjá bæði útlend og innlend áhöld, bera þau saman og reyna þau, sem þeir þekkja ekki áður“. Undirtektir útgerðarmanna urðu heldur daufar, en á leiðinni til Björgvinjar kom Jón við í Kaupmannahöfn, og þar afhenti íslenskur kaupmaður honum 300 krónur til þess að kaupa muni. Keypti Jón eitthvað, en ekki er okkur kunnugt, hvað af þeim munum hefur orðið. Hitt er víst, að hugmyndin um sjóminjasafn varð í þetta skipti að engu.

Nú liðu mörg ár, og enginn hreyfði þessu máli. En árið 1922 ritar Sveinbjörn Egilsson ritstjóri *Ægis* merka grein um málið. Birti hann og síðar fleiri hvatningargreinar í blaði sínu um þetta efni, og hann verður fyrstur manna til að nota orðið **sjóminjasafn**.

Þá skal þess getið, að á árunum 1923—1927 skrifaði Kristján Bergsson, formaður Fiskifélags Íslands, greinar um fiskminjasafn. Var þar um sömu hugmyndina að ræða og hjá Sveinbirni. Ætlaðist Kristján Bergsson til þess, þegar hús Fiskifélags Íslands var reist árið 1930, að efri hæðin yrði notuð fyrir slíkt safn. Af því varð þó ekki, og olli því bæði fjárskortur og almennt skilningsleysi á gildi sjóminjasafns. Fiskifélagið eignaðist að vísu nokkra muni, sem því voru gefnir, en húsnæðið var tekið til annarra nota.

Nú leið og beið, þar til stofnað var til samtaka um sjómannadag, sem hátíðlegur skyldi haldinn einu sinni ár hvert. Gekkst Sjómannadagsráð fyrir því, að í sambandi við sjómannadaginn 1939 var komið upp sjávarútvegssýningu í Listamannaskálanum, hinni fyrstu, sem haldin hefur verið hér á landi. Þarna var komið fyrir þeim munum, sem til voru í vörslu Þjóðminjasafns og Fiskifélags, en jafnframt hafði gripum á sýninguna verið safnað víða að og nokkur líkón gerð gagngert til að sýna að þessu sinni. Sýning þessi stóð lengi og var fjölsótt. Þótti undirbúningur allur hafa tekist vel, miðað við aðstæður.

Í sambandi við sýningu þessa birtust greinar í blöðum um nauðsyn þess að koma upp sjóminjasafni. Á vegum Sjómannadagsráðs var og kosin sérstök sjóminjasafnsnefnd sumarið 1939, og lagði hún eftirfarandi tillögu fyrir fund í Sjómannadagsráði um haustið:

„Vegna hinnar ágætu reynslu í sambandi við sýningu sjómanna í sumar og hins almenna áhuga, sem þá vaknaði fyrir sjóminjasafni, og góðar undirtektir ríkisstjórnarinnar, telur fulltrúaráð sjómannadagsins, að samtökin um sjómannadaginn eigi m. a. að nota til þess að koma á stofn slíku sjóminjasafni, og samþykkir því að fela ráðsstjórninni að að ganga frá ákveðnum tillögum um stofnun sjóminjasafns í samráði við ríkisstjórnina og með opinberum stuðningi og leggja þær tillögur fyrir næsta aðalfund.“

Þessi samþykkt var síðan send ríkisstjórninni og lagt til, að veittar væru á fjárlögum í þessu skyni 8 þúsund krónur. Niðurstaðan varð sú, að tekin var upp á fjárlög 3500 kr. fjárveiting til kaupa á sjóminjum, og stóð svo í nokkur ár. Þetta fé mun hafa runnið til Þjóðminjasafnsins.

Enn er þess að geta, að Lúðvík Kristjánsson rithöfundur skrifaði oftár en einu sinni um sjóminjasafn í Ægi, og fyrri flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu skrifaði um málið í Sjómannablaðið Viking, auk þess sem hann flutti um það sérstakt útvarpserindi haustið 1946.

En brýningar þessar báru lítinn árangur. Þó komst málið inn í Alþingi, þar sem Hermann Guðmundsson flutti árið 1947 þingsályktunartillögu þess efnis, að ríkisstjórninni yrði falið að hefja undirbúning að stofnun sjóminjasafns. Sú tillaga hlaut ekki afgreiðslu. Síðan hefur verið ótrúlega hljótt um mál þetta, þar til nú hin síðustu missiri, að um það hafa spunnist umræður, einkum í Hafnarfirði, þar sem vaknaður er mikill áhugi á framgangi málsins.

Í Alþýðublaði Hafnarfjarðar, jólablaðinu 1972, birtir ritstjórinn, Ólafur Þ. Kristjánsson fyrrverandi skólastjóri, viðtöl við 9 menn um íslenskt sjóminjasafn, sem hugsanlega yrði valinn staður í Hafnarfirði. Er í viðtölum þessum að finna mikinn fróðleik um mál þetta. Þar er rætt við Hafnfirðingana Kristin Ó. Guðmundsson bæjarstjóra, Gunnar H. Ágústsson hafnarstjóra, Jón Kr. Gunnarsson forstöðumann Sædýrasafnsins, Þorberg Ólafsson framkvæmdastjóra Bátalóns, Gísla Sigurðsson varðstjóra og fræðimann og Lúðvík Kristjánsson rithöfund. Þá eru þar og viðtöl við Þór Magnússon þjóðminjavörð, Indriða G. Þorsteinsson rithöfund og Gunnar M. Jónasson arkitekt, en hinn síðastnefndi hafði að prófverkefni gerð sjóminjasafns á Íslandi. Verða hér á eftir sem fylgiskjöl birtir kaflar úr þrem þessara viðtala, þar sem þar er brugðið skæru ljósi á það viðfangsefni, sem hér er um að ræða, og færð glögg rök að því, hversu mikilvægu hlutverki gott og vandað sjóminjasafn hefur að gegna. Þá kemur og ljóslega fram í viðtölum þessum, að með hverju árinu sem líður án þess að hafist sé handa hverfa menningarsöguleg verðmæti í glatkistuna

og sumir þeir bátar, sem reynt er að varðveita, liggja undir stórskemmdum. Færu þeir forgörðum, yrði í mörgum tilvikum um tjón að ræða, sem ekki yrði bætt, hversu fegnir sem menn vildu.

Fylgiskjal I.

Úr viðtali við Þór Magnússon Þjóðminjavörð.

Þarf ekki slíkt safn töluvert húsrými?

Jú, að sjálfsögðu. Safnið verður að vera aðgengilegt. Það verður að vera hægt að skoða það, sem er verið að sýna. Hver hlutur verður að njóta sín, það má ekki láta þá kaffæra hvern annan. Það sést víða í söfnum, að þau eru yfirhlaðin, offyllt; ekki sist sést þetta erlendis í gömlun söfnum. En auðvitað þarf safnið jafnframt öðru að vera heimildasafn. Séu margir hlutir til sömu tegundar, á að koma flestum þeirra fyrir í geymslu, og þá geta þeir, sem eru að rannsaka þau efni, fengið aðgang að þeim þar.

Þið hafið sjóminjadeild hér í Þjóðminjasafni?

Það er talsvert til, sem þar á heima. Það var einu sinni sjóminjasýning hér í bænum, 1939 held ég að það hafi verið, og þá var miklu safnað saman, veiðarfærum og myndum og fleiru. Það var ætlunin að stofna sjóminjasafn upp úr því, en tíminn var ekki kominn, eða botninn datt úr því af einhverjum ástæðum, og þá var horfið að því ráði að láta Þjóðminjasafnið fá allt safnið. Það er uppistaðan í sjóminjasafninu hér. En hér vantar algerlega húspláss fyrir slíkt. Sumir hlutanna, sem þar eiga að vera og þurfa að vera, eru stórir og fyrirferðarmiklir. En það er töluvert til hér.

Er ekki orðið erfitt að fá ýmsa gamla muni?

Jú. Ég held, að sumt hér niðri sé algerlega ófánlegt, það séu seinustu ein-tökin, sem við höfum náð í, til dæmis skinnklæðin gömlu (en brókarkvísl urðum við að láta smíða) og Drangeyjarflekarnir; þeir voru eyðilagðir, þegar veiði með þeim var bönnuð, og líklega eru engir þeirra til nú nema okkar og þeir, sem eru í safninu í Glaumbæ í Skagafirði.

Hvernig er með opnu bátana?

Það eru seinustu forvöð að ná í þá marga, og sjálfsagt engin leið með suma. Bátarnir voru með ýmsu lagi og af ýmsum stærðum. Það voru bátar með Engeyjarlagi, sem tók við af Faxaflóalaginu gamla, svo var breiðfirskt bátalag og Bolungarvíkurlag, og selabyttur norðanlands voru með sérstöku lagi. Hér syðra var brimsandalagið, og á Eyrarbakka var Steinslag, kennt við smiðinn, sem fyrstur smíðaði bát með því lagi; það er eitt skip til með því lagi. Það var ströndin, straumarnir, sjólagið, sem kenndi mönnum, að ákveðið bátalag hentaði hverjum landshluta, og stundum hafa einstakir smiðir breytt til, eins og Steinn gerði. Ég vil endilega, að reynt sé að varðveita að minnsta kosti einn bát með hverju lagi. Þjóðminjasafnið á dálítið af bátum. Það á bát með Engeyjarlagi og annan með Steinslagi, hann er geymdur á Eyrarbakka. Nýlega keyptum við bát vestan úr Dýrafirði, það er báturinn, sem Hannes sýslumaður Hafstein fór á fram í enska togarann 1899 og frægt er orðið, hann er nánast með breiðfirsku lagi. Gamlan bát höfum við fengið úr Æðey, hundrað ára gamlan eða svo. Við eigum líka hákarla-skipið Ófeig, en það er varðveitt í safninu á Reykjum í Hrutafirði. Bát eigum við austan úr Hornafirði, reyndar ekki nema svo sem 30 ára gamlan, en með gömlu lagi. Svo eigum við ágætt skip með brimsandalagi, en það er til marks um hús-næðisvandræðin hjá okkur, að það er geymt í helli austur í Pétursey. Þá stendur okkur til boða skip með breiðfirsku lagi og bátur með Suðurnesjalagi og annar

með færeysku lagi. Ýmislegt fleira er hægt að fá. Og ég vil leggja mikla áherslu á það, sem ég sagði áðan, að varðveittur sé a. m. k. einn bátur með hverju lagi, helst sögulega merkur, og bátar af ýmsum stærðum. Varðveisla þessara báta er fyrir öllu, þótt ekki sé hægt að hafa þá alla til sýnis.

Geta ekki líkön og myndir komið að gagni?

Vissulega geta þau það og gera, þegar annað er ekki fyrir hendi. En eftirlíking er aldrei sama og hluturinn sjálfur. Kemur aldrei fyllilega í hans stað. Það veitir ekki sömu ánægju að skoða eftirlíkingu og hinn raunverulega hlut sjálfan. Upprunalega hlutnum fylgir eitthvað af sögu og lífi þeirra manna, sem með hann hafa farið. Við eigum til að mynda gott, lítið líkan af Ófeigi hér niðri. En það vekur allt aðrar tilfinningar að horfa á Ófeig sjálfan norður á Reykjum.

Ég veit, að þetta er satt. Ég hef sjálfur horft á Ófeig.

Við eigum líkön af nokkrum stærri skipum í safninu. Þau eru góð, svo langt sem þau ná. En það væri allt annað að hafa skipin sjálf, geta gengið um sömu fjallirnar og skipshöfn eftir skipshöfn starfaði á og átti þar svo að segja annað heinili. En stór skip er að visu erfitt að geyma í safni. Þó væri gaman að geta einhvers staðar geymt lítinn dekkbát. Enginn af gömlu kútturunum er lengur til á landinu, en líklega væri hægt að fá einn slíkan frá Færeyjum. Og fleiri tegundir skipa væri æskilegt að geta varðveitt. Þær gegndu sínu hlutverki í atvinnusögu þjóðarinnar, tóku þátt í þróun hennar, þótt nú sé hlutverki þeirra lokið.

Hvernig er með vélar úr skipum, er mikið af þeim varðveitt?

Ekki mikið. Söfnun frá vélaöldinni hefur orðið út undan. Safnmönnum hættir stundum við að gefa ekki gaum að hlutum, sem eru á hverju strái í kringum þá, en svo standa þeir uppi einn dag og sjá, að það, sem nóg var til af áður, svo að þeir héldu að ekkert lægi á að safna því, er nú gersamlega horfið og hvergi að fá. Við höfum þó reynt að ná í vélar. Við eigum vél frá fyrstu árum vélaaldarinnar, næstfyrsta bátamótorinn, sem fluttist til landsins, Möllerup-mótor, keyptan til Ísafjarðar, en var seinna í Bolungarvík, aldrei notaður í bát, heldur í landi, kom hingað 1902, nr. 91 frá verksmiðjunni í Danmörku. Svo eigum við líka Alpha-vél frá 1913, hún kom frá Seyðisfirði, en slíkar vélar voru mikið notaðar hér. Þeir voru þungir þessir gömlu steinolíuhreyflar, vél, sem vó um 200 kílógrömm, var ekki nema tveggja hestafla. Og allt voru þetta glóðarhausvélar.

Og í vor tókst mér að bjarga stórrí gufuvél úr Sigríði frá Siglufirði. Þetta var línuveiðari, mikið aflaskip á árunum milli heimsstyrjaldanna, og frá þeim tíma er vélin. Seinna var sett ný vél í Sigríði, og þá skipti hún um nafn, var nefnd Særún og höfð til flutninga milli Reykjavíkur og Vestfjarða. Vélin úr Sigríði er óskemmd og fyllilega gangfær.

Og smærri hlutir?

Það gegnir sama máli um þá. Þeir hverfa áður en nokkur veit af. Gömlu veiðarfærin, sem notuð voru á opnu bátunum, tækin við hákarlaveiðar á opnum bátum og þilskipum og margt annað er ekki lengur til. Og alltaf eru áhöld og tæki að rýma fyrir öðrum nýrri. Það er hlutverk sjóminjasafns að tina slíka hluti saman, varðveita þá og sýna, hvernig þeir voru notaðir.

Þú ætlar sjóminjasafni mikið starf?

Já. Mikið starf og nauðsynlegt. Hjá því verður ekki komist. Kannske er ekkert eins brýnt og að bjarga bátunum og skipunum frá algerrri tortímingu. Það má ekki láta þau liggja í óhirðu og grotna niður þangað til orðið er um seinan að varðveita þau. Það á að reyna að hrifsa góð sýnishorn, góða fulltrúa hvernar tegundar. Og það mega helst engar eyður vera í þróunarsögunni. En málefninu verður að sinna, sinna því bæði fljótt og vel. Til þess þarf sterkan aðila. Þar verður hið opinbera að koma til. Áhugamenn, einstaklingar eða félög, geta gert mikið gagn, hjálpað til við söfnunina, vakið almennan skilning á málefninu og ýmislegt fleira.

Fylgiskjal II.

Viðtal við Gunnar M. Jónasson arkitekt.

Gunnar M. Jónasson, forstöðumaður Byggingastofnunar landbúnaðarins, stundaði nám í Helsingfors í Finnlandi og lauk þar prófi árið 1966. Prófverkefni hans var gerð sjóminjasafns á Íslandi.

Hafa skoðanir þinar á gerð og hlutverki sjóminjasafns breyst síðan þú laukst prófverkefninu 1966?

Þær hafa mótast vegna margvíslegra upplýsinga, sem ég hef fengið síðan um slík söfn frá forstöðumönnum þeirra nokkuð víða, en þeir hafa tekið fyrirspurnum mínum einstaklega vel, og eins vegna þess, sem ég hef sjálfur séð í söfnum. En hugmyndir mínar um, hvað eigi að vera í svona safni og til hvers það eigi að vera, hafa ekki breyst í meginatriðum. Ég myndi sjálfsagt teikna safnhúsið sjálfst öðruvísi núna, þykjast geta komið ýmsu betur fyrir.

Hvað á í stórum dráttum að vera í svona safni?

Það á í fyrsta lagi að varðveita muni, sem tilheyrir sjóferðum, veiðum á sjó og verkun afla, hverju nafni sem þeir nefnast, þar með talin bátar og skip. Í öðru lagi á þar að vera safn bóka og mynda um sömu efni og alls konar skjöl og skilríki, til dæmis loggbækur skipa, og enn fremur spjaldskrá yfir öll skip, ný og gömul, og upplýsingar um feril þeirra eftir föngum. Svo ætti að vera þar hljóðasafn, geymt á hljómplötum eða segulböndum, það er safn ýmiss konar hljóða, sem efnið snerta, svo sem hljóðs í skipsbjöllum og vélum, fyrirskipana (á stærri skipum) og þar fram eftir götunum. Og þessu yrði öllu að vera á þann veg fyrir komið, að menn gætu haft not af því. Til dæmis að taka þyrfti að vera vinnustofa í sambandi við bókasafnið og myndasafnið og hljóðasafnið. Auðvitað þyrfti safnið að eiga meira en það gæti haft í sýningarsölum. Sumt gætu byggðasöfn úti um landið varðveitt og haft til sýnis.

Og til hvers á safnið að vera?

Það á fyrst og fremst að fræða, vekja, auka skilning. Það á að sýna hlutina eins og þeir voru, ekki einungis hið gamla, sem nú er horfið eða að hverfa, heldur einnig hið nýja. Þar er oft hægt að koma við eftirlíkingum í smækkaðri mynd. Þarna á til dæmis að sjást, hvernig botnvarpa lítur út og hvernig hún vinnur. Til þess mætti nota vélræn líkön. Ég sá til að mynda í Japan í safni, að þar mátti styðja á hnapp, og þá fór togarinu af stað og þyrjaði að draga vörpuna. Þetta er lifandi kennsla, þetta er eftirsóknarvert fyrir hvern mann. Aðalatriðið er, að safnið verði lifandi, sé mynd af lífi og starfsháttum þjóðarinnar, ekki síst af því, sem er að gerast í kringum okkur.

Og fyrirkomulag safnsins?

Ég held, að öllum komi saman um, að sjóminjasafn eigi að vera sérstök bygging. Það á að standa við sjó, og það ætti að vera hægt hér á Íslandi, þótt þröngt sé orðið um strandrými til þess í Reykjavík. Samgöngur þurfa að vera greiðar til safnsins, bílastæði rúmgóð og reglulegar strætisvagnaferðir. Umhverfið á að hafa eitthvað við sig, ef unnt er, vera tengt sögulegum atburðum eða sérkennilegu landslagi eða fögru og víðu útsýni. Og í safnhúsinu þarf að vera veitingasalur, þar sem safngestir geta fengið sér kaffi eða svaladrykk.

En rekstur og stjórn safnsins?

Það verður að vera opinber stofnun; ég held, að annað sé vonlaust. Stjórn safnsins þarf að vera í höndum manna, sem eru reyndir í fjármálum og stjórnarstörfum; þeir þurfa að hafa þekkingu á safnmálum og sjóferðasögu, bera skyn á kennsluaðferðir og sjálfsnám og kunna að ná almenningi til samstarfs. En ein-

stakir áhugamenn eða félög þeirra geta að sjálfsögðu komið að miklu gagni, geta jafnvel hrundið málinu á stað. Áhugamenn geta bæði stuðlað að söfnun muna og varðveislu þeirra, þar til safnið kann að geta tekið við þeim. Þeir geta líka vakið skilning almennings á málinu, fengið menn til að átta sig á, að safnið sé nauðsyn og hljóti að kosta fé, meira en næst inn með aðgangseyri, og að kunnáttumenn þurfi að sjá um lokamyndun safnsins, og síðast en ekki síst, að almenningur eigi að nota sjóminjasafn sem mest og best sér til fróðleiks og menningar.

þarf ekki töluvert átak til að koma svona safni á fót?

Alveg efalaust. En það þarf til allra hluta, sem nokkurs eru verðir. Og hér þarf tafarlaust að hefjast handa. Við erum þegar orðnir of seinir, um það tjóar ekki að tala. Og það verður að byrja vel og veglega. Það er auðvitað hægt að koma safninu upp í áföngum. En fyrsti áfangi verður að vera svo myndarlega úr garði gerður, að mönnum sé einhver akkur í að sækja safnið, það sanni tilverurétt sinn strax í byrjun. Þetta er það, sem þarf að gera.

Fylgiskjal III.

Úr viðtali við Lúðvík Kristjánsson rithöfund.

Það eru margir bátar, sem þarf að bjarga, — og það fljótt. Það sem mest kallar að, er að gera upp og varðveita þessar fáu gerðir báta, sem til eru. Enginn veit, hve snögglega ævi þeirra getur annars endað. Það var bátur til norður á Máná á Tjörnesi, hafði verið notaður til vöðuselaveiða, ekki selabytta, heldur stærri bátur. Hann var geymdur niðri á sjávarbakka. Ég lét mæla hann upp og teikna sumarið 1967. Veturinn eftir tók hann upp í stórviðri, og hann fauk niður fyrir bakkann og mölbrotnaði. Eins var bátur vestur í Stykkishólmi, fyrsti báturinn, sem einn kunnasti skipasmiður þar, Rögnvaldur Lárusson, hafði smíðað. Ég lét mæla hann upp og sagði svo við eigandann, að hann skyldi nú varðveita bátinn vel. Sumarið eftir var ég þar á ferð, og þá sagði hann við mig, að það hefði nú farið laglega með bátinn, sér hefði verið skipað að hreinsa hann burt af lóðinni, þar sem hann var, svo að hann lét flytja hann á bil upp í nýræktina sína, og þar hafði honum verið sturtað af bilnum og hann farið í spón. Mér finnst, að það fé, sem talað er um að leggja í smíð á sögualdarknerri, væri betur notað til þess að draga saman og bjarga bátum og skipum, sem enginn veit hvenær hverfa með öllu, áður en það er um seinan, ef það fengist til slíks. Knörrinn ber ekki undan úr þessu, og mætti því huga að honum síðar.

Erum við ekki þegar búnir að missa af ýmsum gripum?

Mörgum. Ég get sagt þér það til marks um, hvað daufir og seinir við höfum verið í þessum efnunum, miklu daufari en frændþjóðir okkar, að í Noregi var með öllu hætt að nota segl úr vaðmáli árið 1815, en þó eiga Norðmenn tvö vaðmálssegl heil í söfnum. Hér á landi voru vaðmálssegl í notkun fram undir 1890 — og svokölluð tvist-i-tvistsegl miklu lengur, en af þessum seglum eigum við nú hvergi til svo mikið sem lófastóra bót.

En eiga ekki byggðasöfnin eitthvað til af bátum og öðrum sjóminjum?

Það má heita, að eitthvað sé til af sjóminjum í þeim flestum, en mismunandi. Einnig mest er til á Ísafirði, miðað við stærð, en einnig allmikið í Vestmannaeyjum, á Akranesi og Reykjum og í Hafnafirði. Eins er safn Egils Ólafssonar á Hnjóti í Örlygshöfn við Patreksfjörð furdumikið, og þar eru til gripir, sem hvergi eru annars staðar. Og sums staðar eru til bátar. Ófeigur er í safninu á Reykjum og Pétursey í safninu í Skógum, og enn fremur er bátur í safninu í

Vestmannaeyjum, á Eyrarbakka, í Hafnarfirði, á Akranesi og á Ísafirði. Slíkir gripir eiga að vera í byggðasöfnunum áfram. En sérstakt sjóminjasafn á ekki að vera nema eitt í landinu. Yrði það til dæmis hér í Hafnarfirði, eins og nú er talað um, ætti bærinn og Þjóðminjasafnið eða ríkið í sameiningu að sjá um það. Og þá er það mikil nauðsyn að því sé í upphafi ætluð nægilega stór lóð til þess að taka við hugsanlegum vexti þess síðar.

Þú nefnir Hafnarfjörð?

Já. Hafnarfjörður á sérstaka stöðu í útgerðarsögu þjóðarinnar. Þar verður furðumargt fyrr en annars staðar. Í Hafnarfirði stóð vagga þorsknetjaveiðanna; þær hófust hér 1753. Í Hafnarfirði stóð einnig vagga íslenskra þilskipasmíða; þær hófust ekki svo nefnandi sé fyrr en með Bjarna Sívertsen. Siglingar íslenskra skipa milli landa hófust ekki heldur á nýjan leik að neinu ráði fyrr en með Bjarna, og þá frá Hafnarfirði. Í Hafnarfirði hófst fyrsta íslenska togarútgerðin, Coot-útgerðin. Og í Hafnarfirði er elsta starfandi útgerðarfyrirtæki á landinu, útgerð Einars Þorgilssonar, stofnuð 1906. Á þá ekki vel við, að Sjóminjasafn Íslands verði í Hafnarfirði?